



LANDVERND



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

MÚÚ   
Miðstöð útivistar og útináms

# Dagur íslenskrar náttúru 2022

Mýsland - Ratleikur

# Mýsland



## Stutt lýsing

- ✓ Mýsland er **tíu stöðva ratleikur** sem gerður er fyrir öll stig grunnskóla í tilefni af Degi íslenskrar náttúru. Í leiknum slást þátttakendur í för með hagamúsinni Mýslu og fara í ímyndað ferðalag um náttúru Íslands.
- ✓ Stöðvarnar samanstanda af myndum af náttúruperlum landsins og frásögnum af ævintýrum Mýslu. Mýsla upplifir íslenska náttúru í allri sinni dýrð en kemst einnig í hann krappan. Hún hittir fyrir kynlega kvisti sem reynast henni hjálplegir og verður margs fróðari á leið sinni um landið.
- ✓ Leikurinn er gerður fyrir allt að **6 lið/hópa**. Hver stöð inniheldur **6 litastjörnur með 6 bókstöfum**, einn bókstaf fyrir hvern hóp/lit. Nemendur nota bókstafina til að finna út **10 stafa leyniorð** (eitt leyniorð fyrir hvern hóp).
- ✓ Frásagnir Mýslu eru settar fram í ratleikjarforritinu [Actionbound](#). Notast þarf við snjalltæki til að hlusta á ævintýrin. Einungis þarf net meðan sögunum er niðurhalað í snjalltækin.
- ✓ **Leikurinn er tilvalinn sem samvinnuverkefni milli árganga.**
- ✓ Athugið að hægt er að sleppa snjalltækjum ef nemendur lesa söguna sjálfir.

## Áherslur

- ✓ Vekja þátttakendur til vitundar um einstaka náttúru Ísland og kveikja hjá þeim áhuga.
- ✓ Fræða þátttakendur um hin ýmsu fyrirbæri í náttúrunni og þær hættur sem þar leynast.

# Undirbúningur kennara

- Prenta út skjöl allra stöðva og koma þeim fyrir í skólanum eða í nærumhverfi skólans. Stöðvarnar eru 10 talsins– 2 skjöl fyrir hverja stöð.
- Við mælum með að **kort** sé búið til af svæðinu með staðsetningum stöðvanna.
- Nemendum er skipt í allt að **6 hópa** eftir litum, leikurinn snýst um samvinnu ekki keppni.
- Prenta út **leyniorðaspjald** og setja upp á upphafsstað leiks.
- Prenta út **spurningar** (eða hafa aðgengilegar í tölvu) sem eru notaðar til að spyrja nemendur úr efni stöðvanna, eftir hverja stöð.



**10** MOSI Eldhraun

Mýsila skrifað um gæðir og stöðvarnar. Í hringja á skólunum eru stöðvarnar. Þú munt sjá myndir af stöðvum og myndir af stöðvum. Þú munt sjá myndir af stöðvum og myndir af stöðvum. Þú munt sjá myndir af stöðvum og myndir af stöðvum.

A G A I L A

Stöð 1	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Stöð 2	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Stöð 3	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Stöð 4	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Stöð 5	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Stöð 6	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10

Stöð	Spurning A	Spurning B
01	Hvaða kemur líta sem jafnast í þessum lífi? A) Menn B) Konur C) Dyr D) Plöntur	Hvaða líta kemur líta sem jafnast í þessum lífi? A) Menn B) Konur C) Dyr D) Plöntur
02	Hvað er reynsla? A) Þú ert reynsla B) Þú ert reynsla C) Þú ert reynsla D) Þú ert reynsla	Hvað er reynsla? A) Þú ert reynsla B) Þú ert reynsla C) Þú ert reynsla D) Þú ert reynsla
03	Hvað er reynsla? A) Þú ert reynsla B) Þú ert reynsla C) Þú ert reynsla D) Þú ert reynsla	Hvað er reynsla? A) Þú ert reynsla B) Þú ert reynsla C) Þú ert reynsla D) Þú ert reynsla
04	Er þetta er þetta? A) Já B) Nei C) Já D) Nei	Er þetta er þetta? A) Já B) Nei C) Já D) Nei
05	Hvað er reynsla? A) Þú ert reynsla B) Þú ert reynsla C) Þú ert reynsla D) Þú ert reynsla	Hvað er reynsla? A) Þú ert reynsla B) Þú ert reynsla C) Þú ert reynsla D) Þú ert reynsla

# Undirbúningur kennara



1. Niðurhala smáforritinu (appinu) Actionbound í 6 spjaldtölvur.



2. Ýta á Scan code

3. Skanna QR kóða leiksins í allar tölvur/síma

4. Ýta á **Start Bound**

5. Setja inn nafn á liði ásamt nöfnum á nemendum í liðinu

6. Haka við **We agree** og ýta á **Lets go.**



# Framkvæmd

✓ **Nemendum er tjáð að** þeir séu að slást í för með hagamúsinni Mýslu sem sé á ferðalagi um náttúru Íslands og lendi þar í hinum ýmsu ævintýrum.

✓ **Nemendum er skipt upp í allt að 6 hópa eftir litum.**

✓ Gott er að láta hópana byrja á mismunandi stöðvum og vinna sig í gegnum allar stöðvarnar í réttri röð (1-10)

✓ **Þegar hver stöð er fundin skal:**

✓ Velja stöð í snjalltækinu með sama númeri. Passa upp á **númer** þeirrar **stöðvar** sem leitað er sé sú sama.

✓ Velja **Scan code**

✓ Skanna QR kóða (Actionbound)

✓ Skoða vel **myndir og hlusta á sögu**

✓ Muna hvaða **bókstafur** er í lit hópsins




✓ **Eftir hverja stöð skulu allir hópar:**

✓ Koma til baka á upphafsstað

✓ Svара spurningum, (sem kennari spyr þau að)

✓ Skrá þann **bókstaf** sem er í lit hópsins á rétt númer á leyniorðaspjaldi

✓ Dæmi; Rauða liðið skráir **A** hjá **stöð 1**



	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1
Stað										
Liðin										A

# Til útprentunar



- QR kóði fyrir ratleik




- 10 stöðvar

- Hengist upp í nærumhverfi skólans.
- Ein stöð er mynd og texti.
- Athugið að hver skóli getur nýtt sömu stöðvar fyrir alla árganga.
- Við mælum með að stöðvarnar séu plastaðar ef leikurinn fer fram utandyra og búið sé til **kort** með völdum staðsetningum



- Leyniorðaspjald

- Hengist upp á upphafsstað leiks.
- Nemendur koma til baka að spjaldinu eftir hverja stöð



- Leyniorðaspjald með lausnum fyrir kennara

- Spurningar fyrir yngsta-og miðstig.

- Spurningar eru spurðar eftir hverja stöð



- Spurningar fyrir unglíngastig.

- Spurningar eru spurðar eftir hverja stöð





# Mýsland ratleikur – QR kóði







# 1

## SKRIÐJÖKULL Sólheimajökull



**Mýsla** kom að gríðarstórum jökli. Hún ákvað að stytta sér leið og labba yfir jökulinn. Ekki leið á löngu áður en hún var kominn í hann krappan. Hún var á góðri leið með að renna niður brattan ísvegg þegar góðlegur refur kallaði á hana.

*„Mýsla mín, þú verður að fara gætilega á jöklinum. Þú ert ekki vel búin á þessum litlu músarfótum til að ganga á ís. Ísinn er sleipur og hér eru risastórar sprungur. Ef þú dettur ofan í þær kemstu aldrei aftur upp úr.“*

*Hoppaðu á bakið á mér og ég skal koma þér í öruggt skjól.“*

**Mýsla** horfði dáleidd í kringum sig á leið yfir jökulinn. „*Úr hverju eru jöklar eiginlega búnir til?*“ spurði **Mýsla** refinn.

*„Jöklar eru búnir til úr snjó sem féll á fjallstoppa fyrir mörg hundruð árum síðan, en bráðnaði ekki.“* „*Oj, er þetta þá eldgamall ís*“, spurði **Mýsla**? „*Já það má segja það*“, sagði refurinn og hló.“





# 2

## REGNBOGI Skógarfoss



**Mýsla** kom að háum og fallegum fossi. Hún sat sem dáleidd og fylgdist með vatninu falla niður klettabríkina. Hún var hugsi yfir því hvernig hún ætti að koma sér yfir fossinn þegar litríkur regnbogi birtist skyndilega. „**Aha!**“ hugsaði hún með sér. Hún var í þann mund að byrja að fikra sig eftir regnboganum er kallað var á hana;




„*Hefur þú tapað glórunni litla mús? Þetta er regnbogi en ekki brú! Regnbogi er búinn til úr litlum vatnsdropum sem endurspeglast þegar sólin skín á þá. Það er ekki hægt að labba á litlum regndropum kjáninn þinn! Regnboginn hverfur líka um leið og sólin fer og þá verður þú í verulegum vandræðum*“.

**Mýsla** leit í kringum sig og kom auga á fýl sem sat órólegur á klettbrýkinni og horfði á uppátækið.

„*Þú verður að vaða ána til að komast yfir á hinn bakkann. Neðan við fossinn er áin hvorki djúp né straumhörð.*“

**Mýslu** leist afar illa á þessa tillögu því hún var hrædd við kalt vatn en hún hafði ekki um margt að velja.

Veinin í **Mýslu** ómuðu um allar sveitir er hún stakk tánnum í ískalt vatnið. Hún var þó ánægð með sig þegar yfir var komið og þakkaði fýlnum kærlega fyrir hjálpina.





# 3

## ELDGOS Fagradalsfjall



Það var tekið að rökkva þegar **Mýsla** nam staðar til að hvíla lúin bein. Hún hafði ekki hvílt sig lengi þegar háværar drunur rufu þögnina og jörðin tók að skjálfa. Skyndilega lýstist himininn allur upp í fallegum rauðum og gulum lit. **Mýsla** flýtti sér upp á fjallstopp til að athuga hvað væri á seiði og sá þá sér til mikillar undrunar RISASTÓRAN eld. „*Þarna er örugglega hlýtt og notalegt*“ hugsaði hún með sér þegar hún renndi sér niður fjallið í átt að eldinum.

„*Gættu þín Mýsla*“, heyrði hún þá krúnkað úr fjarska. „*Eldgos eru stórhættuleg!*“ „*Eldgos!*“ hrópaði **Mýsla** skelfingu lostin er hún reyndi árangurslaust að stoppa sig. Hún hélt áfram að renna á ógnarhraða í átt að sjóðandi heitri kvikunni sem spýttist upp úr jörðinni. Þegar hún hélt að dagar sínir væru taldir fann hún sig

lyftast frá jörðu og svífa yfir eldfjallið.

Gamall krummi hafði séð í hvað stefndi og hætti lífi sínu með því að fljúga yfir eldfjallið, grípa **Mýslu** litlu í gogginn og koma henni í öruggt skjól.

„*Þetta hefði getið endað illa Mýsla, þú mátt aldrei fara svona nálægt eldgosum*“, sagði krummi við hana. „*Ég ætla að láta mömmu flengja þetta vonda eldgos*“, sagði Mýsla skömmustuleg.“

„*Þetta eldfjall er ekki vont*, sagði krummi. *Eyjan okkar er búin til úr eldgosum. Án eldgosna væri Ísland ekki til. Það hafa orðið meira en 200 eldgos á Íslandi frá því land byggðist og þetta verður ekki það síðasta. Þú þarft bara að læra að fara gætilega*, sagði krummi og flaug krunkandi í burtu.“





Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðgjafi



# 4

## ÍSHELLIR Kötlujökull





**Mýsla** hafði gengið drjúgan spöl þegar hún rak augun í helli með risastórum grýlukertum. Hún kveikti upp varðeld og var í þann veginn að koma sér vel fyrir þegar skessa ein stór og mikil birtist með miklum látum.

„*Hvað ertu að gera **músaróféti**, gólaði skessan. Kanntu enga skessusiði? Í þessum helli bý ég og hér má alls ekki kveikja eld. Hellirinn er búinn til úr ís. Þegar kveiktur er eldur bráðnar ísinn og hellirinn minn getur hrunið. Það getur verið stórhættulegt!*”

„*Fyrirgefðu skessa góð. Ef að hellirinn er búinn til úr ís, af hverju er hann þá svartur á litinn?*” sagði Mýsla hissa.

„*Svarti liturinn er aska úr eldfjöllum og sandur sem hefur fokið á hann, sagði skessan. Slökktu nú eldinn og ég skal gefa þér eitt grýlukerti.*”

**Mýsla** gerði eins og skessan bað um og þakkaði henni fyrir grýlukertið um leið og hún gekk út úr hellinum.







# 5

# GOSHVER Geysir



**Mýsla** var orðin köld og lúin þegar hún kom skyndilega auga á polla og tjarnir sem rauk upp úr.

Þar sem hún var orðin loppin á tánum hugsaði hún sér gott til glóðarinnar og gerði sig tilbúna til að fara í fótabað í einum pollinum. Þegar hún var í þann mund að stinga köldu tánum sínum ofan í vatnið, heyrði hún mikinn hvell og svo þeyttist sjóðandi heitt vatn og gufa upp í loftið á ógnarhraða.



Stokkandarsteggur átti leið hjá og koma auga á veinandi mús efst í vatnsgusunni. Hann stakk sér í átt að hvernum, greip **Mýslu** í gogginn og flaug með hana í örugga höfn.

„*Ætlaðir þú að senda gufusoðið músakjöt upp til tunglsins kæra mús*“, kvakaði öndin? „*Æ, æ, æ. Ég ætlaði bara að hlýja mér smávegis*“, sagði Mýsla miður sín.

„*Það baðar sig enginn í 100 gráðu heitum goshver, þú hefðir getað skaðbrennt þig!*“, sagði öndin.

„*Hverasvæði eru heillandi en geta verið stórhættuleg ef ekki er farið að öllu með gát. Ef þú sérð reyk koma upp úr jörðinni og finnur fýlu af súru prumpi, þá ertu kominn á hverasvæði og þá þarftu að passa þig*“, sagði öndin.

Mýsla, sem var enn titrandi af hræðslu, þakkaði stökköndinni kærlega fyrir björgina.





# 6

# FLÓÐ OG FJARA

## Reynisfjara



**Mýsla** nam staðar á svartri strönd. Henni fannst fátt skemmtilegra en að leika sér að öldum. Þegar sjórinn sogaðist frá landi hljóp hún alla leið að klettadranga og prílaði upp á hann. **Mýsla** sat lengi upp á drangnum og nartaði í ostbita á meðan hún horfði dáleidd á öldurnar skolast fram hjá.

Hún heyrði þá sagt djúpri röddu; „*Hvernig hafðir þú hugsað þér að komast aftur til baka músarskott?*” Hún hafði ekki tekið eftir tröllkarli miklum sem stóð á ströndinni og fygldist með.


Hún hafði heldur ekki tekið eftir að klettadrangurinn var nú umlukinn sjó.

„*Nú er að flæða að svo þú kemst ekkert á þurrum fótum í land í bráð. Auk þess er sjórinn kaldur og mjög hættulegur.*”

„*Hjálp!*” skræktaði Mýsla, „*ég kann ekki einu sinni að synda!*”

Tröllkarlinn sendi þá stóran og mikinn haförn til að bjarga Mýslu. „*Þú ert heppin að góðvini mínum finnst músarkjöt vont, því annars myndi hann gleypa þig í einum munnbita*”, sagði tröllkarlinn og hló.

Mýsla þakkaði bæði tröllkarlinum og haferninum fyrir greiðann og lofaði að vera aldrei aftur með glannaskap við sjóinn.





# 7

# ÍSJAKAR

## Jökulsárlón á Breiðamerkursandi





**Mýsla** kom að Lóni stóru sem fullt var af ísjökum. Til að stytta sér leið ákváð hún að hoppa á milli ísjakanna. Hún var komin út á mitt lónið þegar hún rann á ísnum og steiptist ofan í ískalt vatnið. Vinalegur selur kom henni blessunarlega til bjargar, skellti henni á bakið og synti með hana í land.

„*Kæra Mýsla*“ sagði selurinn. „*Þú ert mús en ekki selur! Þessir ísjakar fljóta í vatninu, geta brotnað og velt sér við. Svo eru þeir líka mjög sleipir.*“ **Mýsla** leit skömmustuleg á felldinn sinn, sem var rennandi blautur.

„*Hvaðan koma eiginlega þessar ísjakar?*“ spurði **Mýsla** selinn.

„*Þeir koma frá jöklinum hérna fyrir ofan. Þegar jökullinn bráðnar brotnar ís af jökulssporðinum og verður að ísjaka sem flýtur á vatninu. Ísjakinn bráðnar og veltir sér mörgum sinnum og berst að lokum með straumnum út í sjó*“.

„*Hefði ég getað endað úti á sjó?*“ veinaði músin? „*Já það hefði getað endað þannig*“ sagði selurinn og veifaði **Mýslu** með hreifanum er hann stakk sér til sunds.





# 8

# NORÐURLJÓS

## Kirkjufell



Mýsla var orðin sársoltin er hún fann skyndilega góða matarlykt. Hún stóð þá við formfagurt fjall sem minnti helst á tröllakirkju. Fjallið var umvafið fallettri grænni birtu sem dansaði um himininn.


„ *Hmmm, hvað ætli þetta græna sé*, hugsaði hún með sér. „ *Ætli tröllin séu að elda grænkjöt og þess vegna kemur grænn reykur úr fjallinu þeirra?*”


**Mýsla** ákvað að færa sig nær græna reyknum. Hún var ekki fyrr kominn upp á fjallstoppinn er hún heyrði hlátrasköll fyrir ofan sig. Hún leit upp og sá þá karlinn í tunglinu sem hafði fylgst með öllu saman.

„ *Þú ert nú meiri músakjáninn*”, sagði hann. „ *Þetta græna á himnum er ekki reykur úr strompi...þetta eru NORÐURLJÓS.*”

„ *Norðurljós verða til við norðurpól jarðar þegar vindur frá sólinni streymir inn í andrúmsloftið. Í andrúmsloftinu eru litlar agnir sem gefa frá sér ljós þegar sólarvindurinn rekst á þær. Ljósin geta verið allskonar á litinn; hvít, gul, græn og stundum rauð.*”

„ *Hmmm, er þá mismunandi matarlykt af norðurljósum eftir því hvernig þau eru á litinn?*” spurði músin hissa” „ *Nei nei nei*”, sagði karlinn í tunglinu og hló hátt. „ *Matarlyktin sem þú finnur er að koma frá sveitabænum hérna hinum megin við fjallið.*”







# 9

# NÁTTÚRULAUG

## Reykjadalir



**Mýsla** kom að læk einum og brá heldur betur í brún þegar hún sá tær stingast upp úr vatninu. „*Þarna er fiskur með tær!*” sagði hún upphátt við sjálfa sig. Þrjár litlar furðuverur sem stóðu á bakkanum við lækinn skelltu þá upp úr og hlógu dátt. „*Fiskar lifa ekki í heitum lækjum og fiskar hafa heldur ekki tær*”, sagði þá ein þeirra.

„*Hér sjáið þið táfýlulausar mannatær sem liggja latar í heitum læk*”, sagði önnur. „*Heitum læk!*”, sagði þá **Mýsla**. „*Er þessi lækur heitur? Hvernig í ósköpunum getur lækur verið heitur?*” „*Jú sjáðu til. Á Íslandi er mjög oft úrkoma, rigning eða snjór ekki satt? Þegar úrkoman fellur, sígur hún ofan í jörðina og verður að svokölluðu grunnvatni.*”




„*Er rigningin þá ofan í jörðinni*”, spurði **Mýsla** hissa?

„*Já það má segja það*” sagði furðuveran og bætti við:

„*Þegar rigningarmatnið er komið ofan í jörðina þá rennur það oft í gegnum heit eldfjallasvæði. Við það hitnar það og kemur upp úr jörðinni sem heitt vatn. Oft er það svo heitt að hægt er að sjóða egg í því en stundum er það volgt og gott. Mannfólk elskar að baða sig í heitum laugum og í gamla daga þvoði það fötin sín í svona laugum líka.*”

„*Hahahahaha, það er fyndið, til hvers þarf maður að baða sig...og vera í fötum?*” sagði **Mýsla** hissa á svip.

Furðuverurnar hristu hausinn yfir þessum kjánalegu spurningum og trítluðu í burtu.





# 10

## MOSI Eldhraun



**Mýsla** kom að gríðarlega stórri mosabreiðu. Í hverju skrefi sökk hún dýpra og dýpra í mosann. „*Vá hvað mosinn er mjúkur!*“, hugsaði hún með sér. Hún hljóp, stökk, hoppaði, skoppaði og velti sér um í mosanum. „*Kannski ætti ég að taka dálítinn mosa og gefa vinum mínum, þeir gætu notað hann sem trampolín eða sæng!*“

„*Hmm, hmm*“, heyrði hún þá sagt rétt hjá sér, en sá engan. „*Þú mátt ekki skemma mosann*“, var þá sagt. Hún skimaði ringluð í kringum sig. „*Þú sérð okkur ekki en við erum huldufólk og okkur þykir mjög vænt um mosann. Mosi er*

*fallegur og mjúkur en afar viðkvæmur. Ef þú hoppar og skoppar um í honum þá skemmist hann og er allt að 100 ár að vaxa aftur. Þar að auki er hraun undir mosanum sem er mjög beitt og fullt af gjótum sem þú sérð ekki fyrir mosanum. Ef þú ferð ekki gætilega gætir þú fest fótinn í gjótu og meitt þig.*“

„*Ég ætlaði ekki að skemma neitt. Takk fyrir að benda mér á þetta kæra hulduvera*“ sagði **Mýsla** litla. Hún lagðist varlega í mosann og ákvað að fá sér stuttan blund áður en hún héldi áfram ferð sinni.



# Leyniorðaspjald

Gulur	5	7	2	1	9	10	3	4	6	8
Rauður	6	9	3	4	10	1	8	7	2	5
Grænn	7	1	9	6	2	4	8	3	10	5
Blár	8	5	6	9	3	7	4	10	1	2
Appelsínugulur	5	9	7	1	3	6	10	2	4	8
Fjólublár	2	5	4	1	3	10	7	8	9	6

# Leyniorðaspjald - lausnir

Gulur	5	7	2	1	9	10	3	4	6	8
	F	R	I	Ð	L	A	N	D	I	Ð
Rauður	6	9	3	4	10	1	8	7	2	5
	Þ	J	Ó	Ð	G	A	R	Ð	U	R
Grænn	7	1	9	6	2	4	8	3	10	5
	E	L	D	S	T	Ö	Ð	V	A	R
Blár	8	5	6	9	3	7	4	10	1	2
	J	A	R	Ð	H	I	T	I	N	N
Appelsínugulur	5	9	7	1	3	6	10	2	4	8
	N	O	R	Ð	U	R	L	J	Ó	S
Fjólublár	2	5	4	1	3	10	7	8	9	6
	J	Ö	K	U	L	Á	R	N	A	R

# Spurningar og svör-Yngsta- og miðstigi

Stöð	Spurning A	Spurning B
01	<p><b>Hvaðan kemur ísinn sem jökull er búinn til úr?</b></p> <p><b>A Af himnum ofan sem snjókoma</b> B Úr Klakavél C Úr Valdísi D Úr skautahöllinni</p>	<p><b>Hver bjargaði Mýslu þegar hún var kominn í hann krappann á miðjum jökli?</b></p> <p>A Mús <b>B Refur</b> C Snjókarl D Tröllskessa</p>
02	<p><b>Hvað er regnbogi?</b></p> <p>A Bogi sem skýtur regndröpum B Lósbogi með slitinni streng C Samspil íslenska landsliðsins í fótbolta <b>D Samspil vatns og ljóss</b></p>	<p><b>Hvernig ætlaði Mýsla að komast yfir ána hjá Skógarfossi? Hún ætlaði að:</b></p> <p>A Renna sér niður fossinn <b>B Labba á regnboga</b> C Sigla yfir á bát D Fá far með sel</p>
03	<p><b>Hver bjargaði Mýslu frá því að renna ofan í eldgosið?</b></p> <p>A Naggrísinn B Jólasveininn <b>C Krummi</b> D Dreki</p>	<p><b>Hvað ætlaði Mýsla að láta mömmu sína gera við eldfjallið?</b></p> <p>A Slökkva á því B Stífla það <b>C Flengja það</b> D Pissa á það</p>
04	<p><b>Úr hverju er hellir tröllskessunnar búinn til þar sem Mýsla kveikti varðeld?</b></p> <p>A Leir <b>B Ís</b> C Steypu D Kletti</p>	<p><b>Hvað fékk Mýsla fyrir að slökkva eldinn?</b></p> <p><b>A Grýlukerti</b> B Súkkulaði C Skammir D Tófraspota</p>
05	<p><b>Hvað ætlaði Mýsla að gera í goshvernum?</b></p> <p>A Elda músarkjöt <b>B Fara í fótabað</b> C Vaska upp D Fara í sólbað</p>	<p><b>Á hvernig svæði er maður líklegast staddur ef gufa kemur upp úr jörðinni og loftið ilmar af úldnum eggjum eða vondu prumpi?</b></p> <p>A Byggingarsvæði B Öryggissvæði <b>C Hverarsvæði</b> D Sprengjussvæði</p>



# Spurningar og svör-Yngsta- og miðstigi

Stöð	Spurning A	Spurning B
06	<p>Hvað gerði Mýsla þegar hún var að leika sér að öldunum á svörtu ströndinni?</p> <p>A Grófsig í sandinn B Fór að synda C Bjó til sanalkastala D <b>Prílaði upp á Klettadrang</b></p>	<p>Hver þjargaði Mýslu úr sjávarháskanum?</p> <p>A <b>Haförn</b> B Ugla C Skógarþröstur D Fálki</p>
07	<p>Hver kom Mýslu til þjargar þegar hún steyptist af ísjaka út í ískalt jökulvatnið?</p> <p>A Köttur B Leðurlaka C <b>Selar</b> D Höfrungur</p>	<p>Hvaðan koma ísjakarnir sem eru á jökullónum?</p> <p>A Af himnum ofan B Úr ísskáp C <b>Úr jöklinum</b> D Fró Kjörís</p>
08	<p>Hvað var þetta græna sem Mýsla sá við Kirkjufell?</p> <p>A <b>Norðurljós</b> B Suðurljós C Vesturljós D Austurljós</p>	<p>Hvað hélt Mýsla að þetta græna (norðurljós) væri?</p> <p>A Stjörnuþoka B <b>Reykur af elduðu grænkjöti</b> C Úldin ský D Geimverur á leið til jarðar</p>
09	<p>Hvað þýðir grunnvatn?</p> <p>A Grunnt vatn B <b>Rigningarvatn sem komið er ofan í jörðina</b> C Eldfjallavatn D Vatn frá annarri plánetu.</p>	<p>Hvað hélt Mýsla að hún væri að sjá ofan í heitu lauginni ?</p> <p>A Soðin egg B Norðurljós C <b>Laugarskrímsli</b> D <b>Fisk með tær</b></p>
10	<p>Mýsla hélt að vinir sínir gætu notað mosa sem:</p> <p>A Gólfmottu B Peysu C <b>Sæng</b> D Eldivið</p>	<p>Af hverju benti huldulíkið Mýslu á að skemma ekki mosann?</p> <p>A <b>Því mosi er mjög viðkvæmur</b> B Því huldulíkið ótti mosann C Því mosinn er eittraður D Því mosinn er friðaður</p>

# Spurningar og svör-Unglingastig

Stöð	Fróðleikur	Spurning
01	Jöklar á Íslandi þekja um 11% af flatarmáli landsins. Jöklar myndast þar sem meiri snjór fellur yfir árið en bráðnar að sumri. Við aukin þunga þjappast snjálögin og umbreytast í ís. Þegar þykkt íssins er orðinn mikill skriður jökulsinn niður fjallshlíðar undan eigin þunga.	<b>Hvað einkennir skriðjökla?</b> A Blár ís <b>B Stórar sprungur (og ís á hreyfingu)</b> C Mikilaska D Mikill kuldi
02	Regnbogar verða til við samspil vatns og ljóss, þ.e. þegar sól skín á vætu. Oft sjáum við því regnboga hjá fossum þar sem krafturinn í fallvatninu býr til úða sem samansettur er úr agnarsmáum regndropum.	<b>Við hvaða samverkandi veðurskilyrði verða regnbogar oftast til?</b> A Sól og logn B Sól og rok C Rigningu og rok <b>D Rigningu og sól</b>
03	Ísland hefur hlaðist upp frá botni Atlantshafs við síendurtekin eldgos á nokkrum tugmilljónum ára. Eldvirki er tengd staðsetningu landsins á svokölluðum flekaskilum og heitum reiti sem er undir Íslandi.	<b>Hvaða staðhæfing er EKKI rétt?</b> A Síasta eldgosíð á Íslandi var á Reykjanesinu <b>B Á Íslandi gýs á 200 ára fresti</b> C Án eldgosa væri Ísland ekki til D Það hafa orðið meira en 200 eldgos á Íslandi frá því að land byggðist
04	Íshellar myndast í jöklum þegar leysingavatn eða jarðhiti bræðir ísinn, ofast við jökulsporðinn.	<b>Íshellar eru gríðarlega fallegt náttúrufyribæri en hvers vegna geta þeir verið mjög hættulegir?</b> <b>A Þeir geta hrunið</b> B Þeir geta skyndilega fyllt af vatni C Þeir geta snöggekólnað D Þeir geta sogað mann niður
05	Goshverir eru sjaldgæf jarðhitafyribæri sem verða til á jarðhitasvæðum. Jarðhitasvæði eru meðal sérstæðustu náttúrufyribæra á Íslandi sem ber þó að varast af ýtrustu varfærni.	<b>Hvað ber að varast á jarðhitasvæðum?</b> A Jarðskjálfta B Eiturefni <b>C Sjóðandi heitt vatn og gufu</b> D Jarðvegsvrof



# Spurningar og svör-Unglingastig

Stöð	Fróðleikur	Spurning
06	Reynisfjara á Suðurlandi er þekkt fyrir ofsafengna fegurð og hafa allmargar orðið briminu að bráð. Ef ófyrirsjáanleg alda nær tökum á fólki getur hún hæglega grafið undan því fótunum og sogað það á haf út.	Hver er besta forvörnin til að gæta öryggis í fjörum. <b>A</b> Ekkí snúa baki í sjóinn B Alltaf vera með kúta C Vera í sundfötum innanklæða D Geta hlaupið hratt
07	Jökullón myndast þar sem jöklar eru að bráða og hopa. Oft sjást ísjakar á jökullónum sem brotna af jökulsporðinum og fljóta um í vatninu.	Sjávarfalla gætir í Jökulsárlóni við Breiðamerkursand. Hvaða eftirfarandi áhrif ætli það hafi: <b>A</b> Það hægir á hopi jökulsins B Það gerir lónið kaldara C Það eykur á bráðnum jökulsins D Það yfirfyllir lónið af vatni
08	Segulljós er samheiti yfir norður- og suðurljós sem sjást nærri norður- og suðurljós. Segulljós er í stjörnufræði ljósfræðilegt fyrirbrigði sem einkennist af litríkum dansi ljóss á næturhimninum.	Hvaða skilyrði eru nauðsynleg til að sjá segulljós? A Kúldi <b>B Myrkur</b> C Snjókomu D Birta
09	Víða á Íslandi má finna heitar laugar þar sem heitt grunnvatn kemur upp úr jörðinni við fullkomið hitastig til að baða sig í. Fátt er notaðlega en að slaka á í heitri laug úti í náttúrunni.	Hvað þýðir grunnvatn? A Grunnt vatn <b>B Rigningarvatn sem komið er ofan í jörðina</b> C Gruggugt vatn D Vatn sem rennur á yfirborði jarðar
10	Mosi er mjög algengur á Íslandi og klæðir gjarnan hraunbreiður á stórum svæðum.	Hvers vegna ber að varast að ganga á mosa? <b>A Því mosi er mjög viðkvæmur og skemmist auðveldalega</b> B Því mosi stingur C Því mosinn er eitruður D Því mosinn er friðaður